

Deiliskipulag fyrir áningastað í Vikraborgum við Öskju

Tillaga maí 2016



Sveitarfélag Skútustaðarhreppur
Verkkaupi Vatnajökulsþjóðgarður
Skipulagsráðgjafi Landmótun sf



**VATNAJÖKULSPJÓÐGARÐUR**



Deiliskipulagsbreyting þessi sem auglýst hefur verið skv. 1. mgr. 43. gr.
skipulagslaga nr. 123 / 2010 frá _____ til _____ var samþykkt í
sveitarstjórn Skútustaðarhrepps þann _____ 2016.

Sveitarstjóri Skútustaðarhrepps

Auglýsing um gildistöku breytingarinnar var birt í B-deild Stjórnartíðinda
þann _____ 2016.

Skipulagsgögn eru greinargerð þessi ásamt deiliskipulagsupprætti dagsettum 12. maí 2016.

Efnisyfirlit


1.0	Inngangur	3
2.0	Staðhættir.....	3
3.0	Markmið	4
4.0	Fyrirliggjandi stefna sbr. „Stjórnunar- og verndaráætlun Vatnajökulsþjóðgarðs“	5
5.0	Fyrirliggjandi stefna sbr. Aðrar áætlanir.....	5
6.0	Framvinda deiliskipulagsgerðar.....	6
7.0	Umhverfismat – aðferðir og framsetning.....	6
8.0	Niðurstaða umhverfismats	8
9.0	Deiliskipulags- og byggingarskilmálar.....	9

GREINARGERÐ

1.0 Inngangur

Sveitarstjórn Skútustaðarhrepps hefur heimilað Vatnajökulspjóðgarði að láta vinna deiliskipulag fyrir áningastaðinn Vikraborgir við Öskju skv. 2. mgr. 38. gr. Skipulagslaga nr. 123/2010.

Deiliskipulagsmörkin miðast við lýsingu á áningastað sem lýst er í Stjórnunar- og verndaráætlun Vatnajökulspjóðgarðs. Þar endar vegslóðin frá Dreka í bílastæði og eru 10 km frá næstu mannvirkjum við Dreka. Skipulagssvæðið er innan marka sveitarfélagsins Skútustaðarhrepps. Áningastaðurinn liggur í um 1100 m.h.y.s. og þar er snyrtihús ásamt upplýsingaspjöldum. Þaðan liggur gönguleið og er um 2,2 km að Víti og Öskjuvatni.



Mynd sýnir deiliskipulagsmörk og tillögu að deiliskipulag

2.0 Staðhættir

Landslag svæðisins er mótað af eldvirkni. Stórbrotin og mikilfengleg náttúra Öskju verður ógleymanleg öllum þeim sem hana sækja heim.

Eldsumbrot í Öskju hafa verið nokkur á sögulegum tíma og áttu þau m.a. sinn þátt í að hrekja fólk frá Austurlandi eftir 1875. Síðast gaus Askja 1961 þegar Vikrahraun rann. Á árunum 1965-1970 voru bandarískir geimfarar þjálfaðir á þessu svæði vegna þess að umhverfið þótti svipa til landslagsins á tunglinu. Síðast gaus á þessu svæði 2014 þegar gaus í Holuhrauni.

Askja er sigdæld í megineldstöðinni Dyngjufjöllum og miðja eldstöðvakerfis með mörgum gossprungum, m.a. Sveinagjargígaröðinni. Dyngjufjöll hlóðust upp við gos undir ísaldarjökli en Askja myndaðist að stórum hluta í lok ísaldar við stórfellt gjóskugos en þá seig þak kvikuþróarinnar sem er hjarta megineldstöðvarinnar. Eftir varð djúp, hringlaga lægð er síðar tók við hraunum úr eldgosum er


urðu á jöðrum sigdældarinnar. Botn Öskju, sem nefnd er eftir öskjulögun sinni, er nú í um 1.100 metra hæð yfir sjávarmáli en hæstir eru barmarnir í 1.300 til rúmlega 1.500 m hæð. Sams konar fyrirbæri í öðrum megineldstöðvum nefnast öll öskjur.

Botn Öskju er þakinn úfnum apalhraunum. Í suðausturhorninu er Öskjuvatn sem varð til við jarðfall (öskjusig) í eldsumbrotum 1875. Öskjuvatn er dýpsta stöðuvatn landsins, rúmlega 200 m á dýpt. Víða eru eldstöðvar í öskjunni og þeirra á meðal er sprengigígurinn Víti sem varð til í lok gossins 1875. Vatn hefur safnast í Víti og er hitastig þess breytilegt, allt eftir því hve mikið leysingarvatn rennur í það, en hitinn er jafnan yfir 30° C. Dýpt þess er mest í miðjunni, liðlega 8 metrar. Vinsælt er að baða sig á þessum einstaka stað en vert er að vara ferðamenn við, ef þeir hyggja á bað í Víti, að stígurinn niður er mjög háll í votviðri og verulegur hiti er í leðjunni í botninum sérstaklega við austurbakkann. Hætta getur verið á að grjót falli úr börmunum.¹

3.0 Markmið

Markmið deiliskipulagsins er að móta ramma fyrir þróun og uppbyggingu á áningastaðnum með lágmarks þjónustu, svo sem aðkomuvegi, gönguleiðum, fræðslu og bílastæði svo staðurinn getur betur mætt vaxandi straumi ferðamanna sem leggur leið sína í Öskju. Deiliskipulaginu er ætlað að endurskoða þau bílastæði sem fyrir eru, fella þau betur að landslagi ásamt því að afmarka byggingarreit fyrir viðveruhús fyrir landverði og gestaskjól og snyrtingar fyrir daggesti.

Salernisaðstaða verður endurbætt. Ekki er gert ráð fyrir hefðbundnu frárennsli og rotþró heldur verður öllum þurrum úrgangi frá salernum safnað í sérstaka tanka sem verða fluttir burt og losaðir í viðurkenndan móttaka. Skolvatni og þvagi verður safnað í sér tank sem veitir vökvanum í siturbeð. Askja er vinsælasti viðkomustaður gesta á norðurhálendinu en áningastaður í Vikraborgum getur opnast seint vegna snjóalaga á svæðinu. Opnunar tími á svæðinu er 2-3 mánuðir yfir hásumarið. Staðurinn er afskekktur og liggur í mikilli hæð inn í landi. Á þessum tímamarki liggur ekki fyrir að viðverutími lengist. Snjóa tekur seint upp og haustið leggst snemma að - svo opnunartíminn og aðgengistíminn er takmarkaður.



Graf úr skýrslu varðandi ferðamenn 2005-2015 ²

¹ Lýsing fengin af vef Vatnajökulsþjóðgarðs

² VJÞ „Ferðamenn 2005-2015“ Rannsóknir og ráðgjöf

Áætlaður fjöldi gesta sem lagði leið sína á svæðið 2015 er um 30. þúsund. Meðfylgjandi mynd er úr nýrri skýrslu sem unnin var fyrir VJP „Ferðamenn 2005-2015“ hún sýnir þróun undanfarin 10 ár. Þar sést að gestum í Öskju fjölga á þeim tíma um nærri 100%, úr rúmum 15 þús. í tæplega 30 þús. Miðað við þróun ferðamála má fastlega reikna með því að aukningin haldi áfram næstu 10 árin og þá nálgist fjöldinn 50 þúsund ferðamenn í Öskju árið 2016. Talið er nauðsynlegt að auka eftirlit á svæðinu og bjóða upp á áningarstað með lágmarkspjónustu og fræðslu vegna nálægðar við Öskjuvatni og Víti.

Deiliskipulagið gerir ráð fyrir áningarstað fyrir daggesti með viðveruhúsi / gestaskjóli við bílastæði. Gert er ráð fyrir gestaskjóli í sama húsi. Hlutverk gestaskjóla er að vera með ómannaða upplýsingargjöf og fræðslu í formi lítilla og einfaldra sýninga undir sama þaki. Gestaskjólín verða opin hluta úr ári meðan önnur þjónusta er veitt á svæðinu.

Í Verndaráætlun Vatnajökulsþjóðgarðar segir að áningastaðir fyrir gesti skuli að jafnaði vera þar sem fyrir er að finna náttúru- og/eða menningarminjar sem draga að sér talsverðan fjölda gesta og ástæða er til að veita þjónustu, upplýsingar og fræðslu. Áningastaðir skuli einnig að jafnaði staðsettir þannig að þeir dragi saman (þétti) umferð og lágmarki neikvæð áhrif af mikilli umferð gesta á minjar.

4.0 Fyrirliggjandi stefna sbr. „Stjórnunar- og verndaráætlun Vatnajökulsþjóðgarðs“.

Í „Stjórnunar- og verndaráætlun Vatnajökulsþjóðgarðs“ sem var staðfest 12. júlí 2013 er að finna nánari lýsingu á fyrirætlunum Vatnajökulsþjóðgarðs sérstaklega í kaflanum Þjónustusvæði bls.105.

Á bls. 114 segir um Vikraborg:

Forsendur: Vinsælasti viðkomustaðir gesta á norðurhálendinu er Askja. Áningarstaður í Vikraborgum getur opnast seint vegna snjóalaga á svæðinu. Nauðsynlegt er að auka eftirlit og fræðslu á svæðinu.

Markmið: Að bjóða upp á áningarstað með lágmarkspjónustu og fræðslu þar sem stutt er að fara inn að Öskjuvatni og Víti.

Skilmálar: Deiliskipulag geri ráð fyrir áningarstað fyrir daggesti með viðveruhúsi við bílastæðið til að auka eftirlit og fræðslu.

Markmið til framtíðar er að framkvæmdir styrki og geri ferðamennsku á hálendinu öruggari. Með skilvirkara aðgengi getur ferðamantími lengst lítilsháttar.

5.0 Fyrirliggjandi stefna sbr. aðrar áætlanir

Auk „Stjórnunar- og verndaráætlunar Vatnajökulsþjóðgarðs“ í náttúruvernd, útivist og byggðapróun frá 2013 liggja fyrir eftirfarandi skipulagsáætlanir byggðar á skipulagslögum nr. 123/2010.

Aðalskipulag Skútustaðahrepps 2011-2023 var staðfest 18. apríl 2013. Í aðalskipulagi Skútustaðahrepps er ekki gert ráð fyrir sérstakri aðstöðu í Vikraborgum. Aðalskipulagið sýnir aðeins vegslóða inn á svæðið.

Samþykkt var í sveitarstjórn 15.des. 2015 að gera breytingu á Aðalskipulagi Skútustaðahrepps 2011-20123 og senda Skipulagsstofnun. Þar er gerð óveruleg textabreyting þar sem heimilað verður að byggja allt að 30 fermetra salernis- og/eða aðstöðuhús í óbyggðum á áningar-og áfangastöðum ferðamanna.

Breyting þessi er í Kafla 4.11 og er í lokameðferð hjá Skipulagsstofnun um þessar mundir. Breyting þessi nær þó ekki til deiliskipulags eða mannvirkjagerðar á verndarsvæðum s.s. þjóðgarða.

6.0 Framvinda deiliskipulagsgerðar.

Tillaga að deiliskipulagslýsingu var send skipulagsnefnd Skútustaðahrepps í lok árs 2015. Lýsingin var auglýst frá og með 7. jan - 28. jan 2016. Umsagnir bárust frá eftirtöldum aðilum.

1. Heilbrigðisnefnd Norðurlands eystra dagsett 21.jan 2016.
2. Veðurstofu Íslands dagsett 27 jan 2016.
3. Skipulagsstofnun dagsett 28.jan 2016.
4. Umhverfisstofnun dagsett 2.feb. 2016.
5. Forsætisráðuneytinu vegna þjóðlendumála - dagsett 9.feb.2016

Engar alvarlega athugasemdir komu fram hjá umsagnaraðilum. Fyrst og fremst voru það ábendingar um að vanda til uppbyggingar. Í ábendingum Veðurstofu kemur fram að svæðið er sennilega á miklu vásvæði og að unnið er að hættumati vegna eldgosa á Íslandi. Í deiliskipulagstillögunni er ekki verið leggja til lengingu á viðveru á svæðinu sem er fyrst og fremst sumarumferðar í tvo til þrjá mánuði.

7.0 Umhverfismat – aðferðir og framsetning

Við greiningu á þeim þáttum sem hugsanlega geta orðið fyrir umhverfisáhrifum var ákveðið að meta eftirfarandi umhverfisþætti:

- Áhrif á landslag og sjónræna þætti.
- Áhrif á náttúrufar og náttúruverndarsvæði.
- Áhrif á útivist og ferðamennsku.

Gerð er grein fyrir umhverfisþáttum sem líklegt er að verði fyrir áhrifum af skipulagsbreytingunum og þeim mótvægisáðgerðum sem fyrirhugaðar eru. Þar sem eðli breytinganna er mismunandi þá er valið hvaða þættir eru skoðaðir í hverju tilfalli. Við greiningu á einkenni og vægi hugsanlegra umhverfisáhrifa er notast við þau hugtök sem eru skilgreind í leiðbeiningum Skipulagsstofnunar um flokkun umhverfisþátta, viðmið, einkenni og vægi áhrifa. Við matið verður notast við þær skilgreiningar á vægi áhrifa sem fram kemur í töflu hér að neðan. Hafa ber í huga nákvæmni áætlunarinnar þegar framkvæmt er mat á vægi áhrifa.

Vægi áhrifa		Skýring
Jákvæð	+	Jákvæð áhrif á umhverfisþátt
Óveruleg	0	Óveruleg áhrif á umhverfisþátt
Neikvæð	-	Neikvæð áhrif á umhverfisþátt

Tafla 1 Skilgreining á vægi áhrifa við umhverfismat deiliskipulagsins.

Í töflu 2 eru tekin saman þau umhverfisviðmið sem lögð eru til grundvallar umhverfismati deiliskipulagsins. Þess ber þó að geta að listinn er ekki tæmandi. Umhverfisviðmið eru notuð sem mælikvarði eða sem vísir sem notaður er til að meta einkenni og vægi þeirra áhrifa sem deiliskipulagstillagan hefur í för með sér. Markmið til framtíðar er að framkvæmdarinnar styrki og geri ferðamennsku á hálendinu öruggari. Koma á þannig til móts við aukna ferðamennsku á svæðinu. Með skilvirkara aðgengi getur ferðamantíminn lengst.

Stefna	Umhverfisviðmið	Matsspurningar
Lög um umhverfismat áætlana. nr. 105/2006	1 gr. Að stuðla að sjálfbærri þróun og draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum og jafnframt að stuðla að því að við áætlunargerð sé tekið tillit til umhverfissjónarmiða.	Dregur deiliskipulagið úr neikvæðum umhverfisáhrifum?
Skipulagslög nr. 123/2010.	I. kafli, 1. Gr. mgr. 2 að stuðla að skynssamlegri og hagkvæmari nýtingu lands og langgæða, tryggja varðveislu náttúru- og menningarverðmæta og koma í veg fyrir umhverfisspjöll og ofnýtingu, með sjálfbærri þróun að leiðarljósi.	Tryggir deiliskipulagið varðveislu náttúru- og menningarverðmæta? Kemur það í veg fyrir umhverfisspjöll og ofnýtingu með sjálfbæra þróun að leiðarljósi?
Stjórnunar- og verndaráætlun Vatnajökulsþjóðgarðs	Áningastaður vinsæll viðkomustaður á norðurhálendi Íslands aðkoma að Víti og Öskjuvatni.	Tekur deiliskipulagið tillit til gildi svæðisins fyrir ferðapjónustuna?

Tafla 2. Umhverfisviðmið sem höfð verða til hliðsjónar við gerð umhverfisskýrslu

UMHVERFISMAT

	UMHVERFISÁHRIF (jákvæð, óveruleg/óljós, neikvæð áhrif)			
	+	0	-	Skýringar og mótvægisáðgerðir
UMHVERFISÞÁTTUR	LANDSLAG OG SJÓNÆN ÁHRIF			
Dregur deiliskipulagið úr neikvæðum umhverfisáhrifum á svæðinu?	+			Deiliskipulagið leggur áherslu á að draga úr neikvæðum áhrifum á umhverfi með því að bæta aðstöðu fyrir ferðamenn og þannig stýra umferð þeirra um svæðið. Uppbygging aðbúnaðar og frágangur bílastæða og stíga eiga að vera þannig að þeir valdi sem minnstum spjöllum, notað verði efni af staðnum eftir því sem unnt er og að mannvirki, bílastæði stígar fari vel í land og verði aðstandendum til sóma.
Gerir deiliskipulagið ráð fyrir að mannvirkjum sé haldið í lágmarki?		0		Deiliskipulagið leggur áherslu á að styrkja þá innviði sem þegar eru á svæðinu. Þó er gert ráð fyrir nýju gestaskjóli til fræðslu og öryggis.
UMHVERFISÞÁTTUR	NÁTTÚRUFAR OG NÁTTÚRUVENDARSVÆÐI			
Tryggir deiliskipulagið varðveislu náttúruverðmæta?	+			Eitt megin markmið deiliskipulagsins er stefnumótun um uppbyggingu og vernd svæðisins. Með því að styrkja þá innviði sem þegar eru á svæðinu og þannig forðast að ferðamenn raski öðrum hlutum svæðisins. Uppbygging og frágangur mannvirkja, bílastæða og stíga eiga að vera þannig að sem minnst spjöll verða á jarðmyndunum.



Kemur deiliskipulagið í veg fyrir umhverfisspjöll og ofnýtingu með sjálfbæra þróun að leiðarljósi?	+			Deiliskipulagið er leiðbeinandi um umhirðu og viðhald svæðisins. Stígar verða þannig gerðir að viðhald þeirra verði sem minnst og efni af staðnum verði nýtt til frágangs.
Gerir skipulagið ráð fyrir framkvæmdum sem spilla jarðmyndum, gróðri eða fuglalífi?		0		Deiliskipulagið gerir ráð fyrir uppbyggingu nýrrar gestaskjól og endurskipulagi bílastæða. Byggingarreitur er skilgreindur þar sem núverandi snyrtihús er á nokkuð röskuðu svæði. Lögð er áhersla á að við framkvæmdir verði litið til þess að spilla ekki jarðmyndum.
UMHVERFISÞÁTTUR	ÚTIVIST OG FERÐAMENNSKA			
Tekur deiliskipulagið tillit til gildi svæðisins fyrir ferðapjónustuna?	+			Deiliskipulagið skilgreinir aðkomu bílastæði og gönguleiðir. Áningarstaði, Með snyrtingu og gestaskjól til þess að bæta aðstöðu til útivistar á svæðinu í heild. Enn fremur er eitt að markmiðum deiliskipulagsins að tryggja öryggi ferðamanna innan svæðisins sem er mjög afskekkt og einangrað.

8.0 Niðurstaða umhverfismats

Niðurstaða matsins er að deiliskipulagið hefur jákvæð áhrif á útivist og ferðamennsku. Áhrif á náttúrufer og náttúruverndarsvæði og landslag og sjónræn áhrif eru jákvæð eða óljós þar sem reynt verður að styrkja núverandi innviði á svæðinu og að byggja nýja aðstöðu fyrir ferðamenn. Mikilvægt er að við framkvæmdir verði raski haldið í lágmarki

9.0 Deiliskipulags- og byggingarskilmálar

Í Vikraborgum er nú bílastæði og snyrtingar og fræðsluskilti. Núverandi snyrtihús og ker þar sem salernisúrgangi er safnað saman verða flutt frá svæðinu. Ný salernisaðstaða verður byggð, bílastæði stækkuð og aðstaða til gestamóttöku og kynningar á svæðinu aukin með byggingu gestaskýlis.

Byggingareitir: Deiliskipulagið sýnir tvo byggingareiti; byggingareit 1 og 2. Sú aðferð til meðferðar á salernisúrgangi sem verið er að vinna með og þróa er nýjung í meðferð úrgangs fá salernum. Hefðbundin meðferð úrgangs frá salernum virkar ekki við aðstaður eins og við Vikraborgir þar sem staðurinn er afskekktur og dýrt að afla vatns og orku til að notast við hefðbundin vatnssalerni. Af þeim sökum á að setja upp nýjan þurrsalernisbúnað þar sem þvag verður aðskilið frá þurrefni, og gera á tilraun til að jarðgera þurrefnið á staðnum. Aðal álitæfnið er lyktarmengun frá jarðgerðarkörunum sem þó verða vel varin og þétt lokuð nálægt sjálfri salernisbyggingunni.

Áður en byggt verður þarf því að leggja mat á það hvort dvalarsvæði við gestaskjól og jarðgerð verði að vera aðskilin eða ekki. Á reit 1 er hugsanlega hægt að skapa fjarlægð milli gestaskjóls og snyrtinga þannig að það gæti farið saman með því að skapa nægilega fjarlægð. Á reit 2 er hinsvegar aðeins reiknað með að byggt verði salernishús með jarðgerðarkerjum ef menn telja að á reit 1 sé ekki hægt að tryggja nógu góð loftgæði. Þá verði gestaskjól og upplýsingar byggðar á reit 1 en snyrtingar og jarðgerð byggð á reit 2.

-Heimilt er að byggja sérbúið salernishús með söfnunarkjallara og aðgengi til losunar á söfnunartönkum í þar til búið gerði.

-Landvörslu, fræðslu og gestaskjól auk geymslurými fyrir rafhlöður o.þ.h.

-Bílastæði fyrir einkabíla og litlar rútur ásamt snúningshaus

Upplýsingaskilti við upphaf gönguleiða.

Mörk deiliskipulagsins miðast við lýsingu á áningastað sem lýst er í Stjórnunar- og verndaráætlunar Vatnajökulsþjóðgarðs.

Eins og fram hefur komið er gert ráð fyrir lágmarksraski vegna framkvæmda. Bílastæði sem fyrir eru verða löguð betur að landslagi og haldið í vissa óreglu í útlínunum en reynt að ná góðu umferðarflæði með því að skapa fólksflutningabílum gott rými til að athafna sig sem og einkabílum. Komi til stækkunar bílastæða þá er nægilegt land til stækkunar.

10.0 Helstu heimildir

1. Aðalskipulag Skútustaðahrepps 2011-2023
2. Lög nr.60 2007 um Vatnajökulspjóðgarð
3. Vatnajökulspjóðgarður 2011. Stjórnunar- og verndaráætlun Vatnajökulspjóðgarðs, náttúruvernd, útivist og byggðapróun.
4. Skipulagslög nr. 123/2010.
5. Byggingarreglugerðar nr.112/2012.
6. Lög nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana.
7. Lög nr. 44/1999 um náttúruvernd.
8. VJÞ „Ferðamenn 2005-2015“ Rannsóknir og ráðgjöf 2016